



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Í Áslandsskóla öll við ábyrgð berum

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- SMT skólafærni
- Fagstjórn og umsjón
- Höfuðlús
- Snemma í háttinn - hress og kát í skólanum
- Skólamyndir
- Matartorg—matarmál
- Skólafærni 8. bekkur
- Brosbók
- Vetrarfrí
- Skólakór
- Skólaföt
- Skólakynningar

GÓÐI segir:



Ég ætla að standa mig framúrskarandi vel og koma vel fram við alla í skólasamfélaginu.

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þá er níunda starfsár Áslandsskóla hafið.

Við upphaf skólaársins stunda yfir 500 nemendur nám í Áslandsskóla og þar starfa rétt undir 70 starfsmenn.

Starfslið skólans er að mestu óbreytt frá síðasta skólaári og breytingar mjög litlar.

Nokkur hópur nemenda stígur nú sín fyrstu skref í Áslandsskóla, bæði sem nýnemar í fyrsta bekk og einhver hópur í öðrum bekkjardeildum. Allan þennan flotta hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Sumir hverjir eru nú að hefja skólagöngu sína og það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk eru myndarlegur hópur í skólanum

okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpsemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lykilatriði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

SMT skólafærni verður framhaldið og þróað. Forráðamenn og nemendur munu sjá skýr fyrirmæli hanga á veggjum skólans fyrir ákveðin svæði. Þá geta nemendur fengið "fugla" fyrir að sýna jákvæða hegðun í skólastarfinu. Fuglunum er síðan safnað

saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með "fuglinn" heim og sýnt forráðamönnum.

Nánar verður farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í árgöngum og í þessu blaði. Áslandsskóli er stoltur af SMT starfi sínu en skólinn hefur fengið viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir árangursríka innleiðingu SMT skólafærni.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum og forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir.

Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

Leifur S. Gardarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

SMT í Áslandsskóla

Markmið SMT-skólafærni (hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*) er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gæm með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði PMT-**FORELDRAFÆRNI** og er framkvæmd undir merkjum þeirrar þjónustueiningar, sem verið hefur leiðandi hér á landi í notkun og útbreiðslu PMT verkfæra til uppalenda. PMT (*Parent Management Training*) verkfærin eru vel rannsökuð af færustu sérfræðingum, notkun þeirra stuðlar

að góðri aðlögun barna og þau eru því afar mikilvæg hjálpartæki. Foreldrum býðst að tileinka sér PMT-foreldrafærni jafnframt því sem skólasamfélagið á möguleika á innleiðingu **SMT-skólafærni**.

Í kjölfar þess var ákveðið að innleiða SMT-skólafærni sem byggir á sama hugmyndafræðilega grunni og áratuga rannsóknum líkt og PMT.

Við í Áslandsskóla byrjuðum á undirbúningi skólaárið 2004-2005 og innleiðingu skömmu síðar. Óhætt er að fullyrða að skólabragur varð betri og aukning á jákvæðri hegðun nemenda.


Svokallað **SMT teymi** er starfrækt innan skólans sem í sitja Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Rannveig Hafberg deildarstjóri í 1.-5. bekk, Kristín Jóna Magnúsdóttir deildarstjóri í 6.—10. bekk, Guðrún Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi og umsjónarkennararnir Fjóla Rún Þorleifsdóttir, Jónína Ósk Ingólfssdóttir og Rósa Lyng Svavarsdóttir.

Í Áslandsskóla styrkjum við jákvæða hegðun með svokölluðum "**fuglum**" en þeir vísa til skólamerkisins þar sem fjórir fuglar fljúga að sama marki. Nemendur geta fengið gulan, rauðan og grænan fugl frá starfsfólki og bekkir bláan fugl frá skólastjóra. Þegar tilteknum fuglafjölda er náð fær bekkurinn fuglaveislu en þá er hefðbundið skólastarf brotið upp.

Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun gætu þeir fengið svokallaðan stoppmiða sem er skráningarmiði yfir óæskilega hegðun viðkomandi. Stoppmiðinn fer síðan inn í ákveðið agæferli þar sem nákvæmlega er skráð hver var upplýstur og hver tók málið að sér.

Það er mat okkar sem starfa í skólanum að SMT skólafærnin bæti skólabraginn og hjálpi okkur mjög við að agæferli skólans sé skilvirk og áreiðanlegt.

Á vefsetri skólans er hægt að finna reglutöflu skólafærni í Áslandsskóla sem eru í senn skólareglur skólans.



Skólakynningar

Skólakynningar í Áslandsskóla haustið 2010

30.8.2010	4. bekkur
2.9.2010	10. bekkur
3.9.2010	7. bekkur
13.9.2010	8. bekkur
14.9.2010	2. bekkur
14.9.2010	1. bekkur
15.9.2010	3. bekkur
22.9.2010	6. bekkur
24.9.2010	9. bekkur
29.9.2010	5. bekkur

Nánari upplýsingar berast frá umsjónarkennurum.

Skólamyndir

Skólamyndataka í Áslandsskóla verður dagana 4.-5. október 2010.

Eftirtaldir árgangar verða myndaðir: 1. bekkur, 4. bekkur, 7. bekkur og 10. bekkur.

Nánari upplýsingar munu berast viðkomandi árgöngum þegar nær dregur.

Hægt verður að panta einstaklingsmynd og bekkjarmynd. Myndatakan nýtist skólanum einnig vel við að setja myndir af nemendum á skráningarsjald í mentor kerfið.

Skólafærni í 8. bekk

Sú nýbreytni var tekin upp síðasta haust að forráðamenn nemenda í 8. bekk voru boðaðir á sérstaka skólafærni uppfræðslu. Þegar nemendur flytjast úr 7. bekk í 8. bekk verða ákveðnar viðbætur og breytingar á kennsluskipulagi. Okkur þykir rétt að gera því góð skil með því að hitta forráðamenn og fara vel yfir hlutina með þeim.

Skólaráð

Í nýjum grunnskólalögum er kveðið á um stofnun skólaráðs, en það kemur í stað foreldra- og kennararáðs við skólann.

Menntamálaráðuneytið hefur nú gefið út reglugerð og ljóst að skólaráð mun taka til starfa við Áslandsskóla í september.

Kennarar og aðrir starfsmenn hafa kjörið sína fulltrúa sem og foreldrar.

Fyrsti fundur ráðsins á þessu skólaári verður í lok september.

Matartorg

Lokað var fyrir skráningu í mat 4. september.

Skráning gildir fyrir allan veturinn, þannig að þeir sem ætla að hætta í mat þurfa að skrá sig út þegar opið er fyrir breytingar.

Opið verður fyrir skráningu dagana 14. —20. hvers mánaðar fyrir mánuðinn á eftir.

Skólakór

Skólakór Áslandsskóla hefur nú sitt fjórða starfsár.

Yngri kór

2. og 3. bekkur æfir á mánudögum kl 15:00 - 15:40

Eldri kór

4. - 7. bekkur æfir á miðvikudögum kl. 15:00 -15:40

Æfingar eru í tónmenntastofunni og kórstjóri er Díana Ívarsdóttir tónmenntakennari.

Allir nemendur eru hvattir til að vera með.

Skólaföt

Góð sala hefur verið á skólafatnaði fyrir nemendur skólans þetta haustið.

Skólafötin verða áfram til sölu á skrifstofu skólans.

Gott gæti verið að senda tölvuskeyti á skrifstofuna áður en fólk kemur að versla það sem vantar, þá væri jafnvel hægt að taka það til og hafa tilbúið.

Vetrarfrí

Vetrarfrí er í Áslandsskóla mánudaginn 1. nóvember og þriðjudaginn 2. nóvember 2010.

Þá daga hlaða nemendur og starfsfólk skólans orkustöðvarnar með leyfi frá skóla.

Heilsdagsskólinn verður lokaður þessa daga.

Gamlar en góðar



Snemma í háttinn hress og kát í skólanum

Þann 1. september breyttist útivistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.

Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingsdeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útivistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útivistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin. Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fatíðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er enginn skóli daginn eftir.

BROSBÓK KFC

Brosbókin er hluti af sjálfsmati í Áslandsskóla en hún er afrakstur þróunarvinnu kennara skólans.

Brosbókin fór fyrst heim með nemendum í 1. – 3. bekk í janúar 2004, en núna haustið 2010, eru allir nemendur í 1. – 7. bekk með Brosbók.

Með Brosbókinni er leitast við að vinna á markvissan og sýnilegan hátt með hornstoðir skólans, skólaheitið og dygðirnar.

Markmiðið með þessari bók er að draga fram og styrkja jákvæða hegðun og upplýsa heimilin um hvernig nemendum gengur að temja sér þá þætti sem Áslandsskóli hefur að leiðarljósi.

Útgáfa Brosbókarinnar er kostnaðarsöm en Áslandsskóli á marga velunnara. Einn af þeim er **Kentucky Fried Chicken** sem mun kosta útgáfuna annað árið í röð. Færum við **KFC** bestu þakkir fyrir.

Fagstjórar / umsjón

Jónína Ósk Ingólfssdóttir
Samfélagsfræði,

Ása Marin Hafsteinsdóttir
Íslenska

Björg Haraldsdóttir
Náttúrufræði

Rósa Lyng Svavarsdóttir
Stærðfræði

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir
Danska,

Jenný B. Rúnarsdóttir
Enska.

Halla Sigurgeirsdóttir
Umsjón með stærðfræðistofu

Úlfar Danielsson
Umsjón með vefsetri aslandsskoli.is

Höfuðlús

Nú þegar skólastarf er að hefjast viljum við vinsamlegast biðja ykkur um áframhaldandi samstarf í því að fyrirbyggja útbreiðslu á höfuðlús.

Samkvæmt tilmælum landlæknis er hlutverk skólahjúkrunarfræðinga að ráðleggja, styrkja og leiðbeina foreldrum hvernig hægt sé að koma í veg fyrir höfuðlúsasmit, einnig hvernig hægt sé að losna við hana verði hennar vart.

Við viljum leggja áherslu á að:

- Þið kambið reglulega hár barnanna ykkar með lúsakambi. 1x í viku við upphaf skólaárs og eftir nánari leiðbeiningum komi upp tilfelli í bekknum.
- Kemming er besta leiðin til að finna lús. Nauðsynlegt er að fínkemma allt hárið.
- Þið fræðið börn ykkar um helstu smitleiðir.
- Lúsin getur skriðið á milli kolla ef bein snerting verður frá hári til hárs.
- Notið ekki greiður, bursta eða höfuðföt annarra.
- Gott ráð er að geyma höfuðföt og trefla í úlpuermum.

Nánari upplýsingar um lús og lúsameðferð er að finna á vef landlæknis www.landlaeknir.is slá inn höfuðlús í leitarreit efst á síðu.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri